

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 924, 21. október 2005, um vigtun og skráningu norsk-íslenskrar síldar við veiðar á sumargotssíld.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Vigtunarleyfishafi sem tekur á móti síld eða skipstjóri skips sem vinnur afla um borð skal taka sýni úr afla sem veiddur er austan 17°00'V. Niðurstaða sýnatöku skal lögð til grundvallar við ákvörðun magns og skráningu síldartegunda.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum og laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. nóvember 2005.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eypórsson.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík.

Naustabryggja 54 og 56.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 19. október 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Bryggjuhverfi vegna Naustabryggju 54 og 56.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bauganes 27.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 19. október 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Einarsnes vegna Bauganes 27.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Ljósaland 2.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 12. október 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Fossvogshverfi vegna Ljóslands 2.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Byggðarendi 13.

- Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 5. október 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Fossvogshverfis vegna Byggðarenda 13. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hólmvað 6-8.

- Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 19. október 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Norðlingaholt vegna Hólmvaðs 6 – 8. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 31. október 2005.

Helga Bragadóttir.**AUGLÝSING****um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.***Reitur 1.230, Bílanaustreitir.*

- Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 29. september 2005 deiliskipulag fyrir reit 1.230, Bílanaustreit, lóðirnar Borgartún 26 og Sóltún 1 og 3.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Hörpugata 2.

- Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 12. október 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hörpugötu 2. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Urriðakvísl 17.

- Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 11. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Ártúnsholt vegna lóðarinnar Urriðakvísl 17. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Jafnasel 8 – 10.

- Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 12. október 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Jafnasel 8 - 10. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.